

Umsögn við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 (mál 1) og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021 (mál 5).

Undirritaðar vilja með þessari umsögn hvetja Alþingi til að fella niður skatt á tíðarvörum og benda á mikilvægi þess að bjóða ungu fólki upp á fríar tíðarvörur í skólum og félagsmiðstöðvum.

Allir þeir einstaklingar sem fara á blæðingar þurfa nauðsynlega að nota tíðarvörur. Fjárhagsleg staða þeirra er mismunandi (ekki síst hjá ungu fólki) og geta stjórnvöld auðveldlega komið til móts við þann hóp einstaklinga með því að afnema skatt á tíðarvörum. Er við hæfi að stjórnvöld séu að leggja aukaskatt á einstaklinga sem fara á túr og græða á þeirri staðreynd að þau fara á blæðingar?

Nýlega er búið að lækka skatt á tíðarvörum en það er hægt að fara með þetta enn lengra og afnema skattinn að fullu. Með því að afnema skatt á tíðarvörum þá erum við bæði að hjálpa einstaklingum með leg og sýna heiminum að við erum jafn framsækið land og við viljum líta út fyrir að vera. Einmitt núna eru mörg lönd að stefna á að lækka skatt á tíðarvörum til dæmis Spánn um 6% og Sviss um 5.2%. Á seinustu 18 mánuðum eru Pólland, Tékkland, Litháen, Þýskaland og Lúxemborg öll búin að lækka skatt á tíðarvörum. Okkur finnst að það eigi að afnema skatt á tíðarvörum þar sem þetta er ósanngjörn skattlagning á aðila með leg. Við teljum að Ísland eigi að vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd í þessum efnum og afnám skattheimtu af tíðavörum sé næsta skref.

-

Við erum 14 og 15 ára og erum varla nógu gamlar til að vinna almennilega vinnu þ.a.l. fáum við nánast allan okkar pening frá foreldrum okkar. Við komum frá mismunandi raunveruleikum og bakgrunnum en tengdum (mismikið) við skömmina sem fylgdi því að byrja á blæðingum. Það var óþægilegt að segja frá og mjög erfitt að biðja um tíðarvörur. Eins leiðinlegt og það er þá er umræðan um blæðingar ennþá tabú árið 2020.

Gott aðgengi að tíðavörum er gríðarlega nauðsynlegt, sérstaklega fyrir ungt fólk þar sem við erum flest ekki með miklar tekjur og/eða aðgang að peningum. Fjárhagsleg staða og sambönd foreldra og barna eru mismunandi og ætti það ekki að koma niður á ungum einstaklingum sem fara á túr. Annaðhvort er ungu fólki mismunað eftir efnahag foreldra eða sú ósanngjarna krafa gerð til þeirra að eyða þeim litlu peningum sem þau eiga í lífsnauðsynlegar vörur eins og tíðarvörur eru. Að eyða pening í tíðarvörur er jafn fáránleg tilhugsun og að börn þurfi að kaupa í matinn. Tíðarvörur eru jafn mikilvægar og klósettpappír og þess vegna ætti aðgengi þeirra að vera jafn sjálfsagt.

Blæðingar gera ekki boð á undan sér og við getum ekki talið skiptin sem við höfum þurft að redda okkur með klósettpappír vegna þess að það voru engin dömubindi eða túrtappar á skólaklósettunum. Einstaklingar með leg byrja á túr hvar og hvenær sem er. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að hafa tíðarvörur til staðar þegar það er þörf á því, sérstaklega í skólum og félagsmiðstöðvum þar sem ungt fólk er. Þetta væri hægt að framkvæma með því að úthluta öllum skólum og félagsmiðstöðvum fjármagn eftir höfuðtölu og það fjármagn þyrfti að fara í tíðarvörur. Þessi tillaga var lögð fram á árlega fundi Borgarstjórnarinnar og Reykjavíkurráðs ungmenna en það var ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem lagði hana fram. Samþykkt var að vísa tillögunni áfram í Skóla og frístundaráð þar sem endanleg ákvörðun á eftir að verða tekin.

Með von um bjartari framtíð fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst,

Anna María Allawawi Sonde og Saga María Sæþórsdóttir